

**Ed.**

**305. Lög**

um breyting á lögum nr. 40 1919, um forkaupsrjett á jörðum.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl).

1. gr.

Á eftir 2. gr. laga nr. 40 1919 kemur ný grein, sem verður 3. gr., svo látandi:

Ákvæði 1. gr. og fyrri málsl. 2. gr. ná ekki til þess, er jarðeigandi selur barni sinu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Í stað »2. gr.« í 4. gr. laganna kemur: 4. gr.

3. gr.

Í stað »3. gr.« í fyrstu og síðustu málsgr. 5. gr. laganna kemur: 4. gr.

4. gr.

Í stað »1.—7. gr.« í 6. gr. laganna kemur: 1.—6. gr.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 40 1919 og gefa þau út svo breytt.